

Mál nr. 288/2013
M
og V1 v/ A og V2 v/ B.

Umferðaróhapp við Stórhöfða og Viðarhöfða 12. ágúst 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 6. september 2013.
3. Bréf V2 dags. 16. september 2013.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að ökumaður A hafi ekið af Viðarhöfða inn á Stórhöfða í fyrirhugaða vesturátt þegar B kom akandi austur Stórhöfða og lentu bifreiðarnar saman á Stórhöfða. Biðskylda er fyrir umferð af Viðarhöfða inn á Stórhöfða. Vitni ber um að bifreið B hafi verið ekið greitt og bifreið A hafi verið komin vel í beygju inn á Stórhöfða þegar áreksturinn varð. Hemlaför eftir bifreið B eru tilgreind 21 metrar í gögnum.

M telur að árekstur megi fyrst og fremst rekja til hraðaksturs bifreiðar B og vísar til framburðar ökumanns B, hemlafara og vitnis. V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir við málskotið en V2 telur að skipta eigi sök þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar vegna biðskyldu og ökumaður B 1/3 hluta sakar vegna hraðaksturs.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að ökumanni A bar að veita umferð um Stórhöfða forgang, sbr. 2.mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem biðskylda var hjá honum sem hugðist aka af Viðarhöfða inn á Stórhöfða. Með því að aka gegn biðskyldunni inn á gatnamótin, án þess að víkja fyrir ökumanni B sem ók austur Stórhöfða, sýndi ökumaður A gáleysi við aksturinn. Ber hann meginsök á árekstrinum en í gögnum málsins kemur greinilega fram að ökumaður B hagaði akstri ekki eftir aðstæðum í greint sinn. Bæði framburður vitnis og hemlaför á vettvangi benda til þess að hún hafi ekið of hratt og þannig brotið gegn 36.gr. umferðarlaga. Skiptist sök vegna árekstursins þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á 1/3 hluta bóta úr ábyrgðartryggingu B en sök skiptist þannig að A beri 2/3 hluta sakar og B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.